

Nr. 096 / 14 Hrefna SU 22**Strandar - stjórnandi sofna**

Skipaskr.nr. 6633
IMO 0
Smíðaður: Vestmannaeyjar 1985, plast
Stærð: 4,57 brl. 4,57 bt.
Mesta lengd: 8,5 m Skráð lengd: 7,9 m
Breidd: 2,36 m Dýpt: 1,31 m
Vél: Yanmar 52 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNSA



Hrefna©SAX

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 8. júlí 2014 var strandveiðibáturinn Hrefna SU 22 á siglingu á Eskifirði.

Á siglingunni til hafnar sofnaði skipstjóri með þeim afleiðingum að báturinn strandaði í fjörunni gengt Eskifjarðarkaupstað. Þar sem báturinn lenti í sandbotni urðu engar skemmdir á honum.




Hrefna á strandstað©Lögreglan

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagðist hafa sofnað á siglingunni eftir að hafa síðast breytt stefnu á sjálfstýringunni laust af Mjóeyri í Eskifirði;
- að skipstjóri sagði að það væri erfitt að sofna snemma fyrstu daga mánaðarins eftir að róðrar hæfust að nýju. Hann hafi átt erfitt með að sofa áður en hann fór

á fætur til að fara í þennan róður um klukkan 02:00 og ekið frá Egilsstöðum niður á Eskifjörð þar sem hann undirbjó róðurinn. Hann hafi svo farið frá bryggju um kl. 04:00 og verið að veiðum við Skrúð um daginn;

- að samkvæmt löndunarskýrslu Fiskistofu var landað úr bátnum þann 7. og 8. júlí og var þetta því annar róður mánaðarins eftir að róðrum var hætt 23. júní;
- að samkvæmt ferilkorti úr AIS-kerfi bátsins er síðasta stefnubreyting til bakborða eftir að komið var inn í mynni Eskifjarðar. Siglingin endaði á nær 10 hnúta hraða uppi í fjöru kl. 14:14.



Nefndarálit:

Orsök strandsins var að skipstjóri sofnaði á stímvaktinni.

Að gefnu tilefni og vegna of margra hliðstæðra atvika beinir nefndin því til skipstjórnarmanna að sjá til þess að þeir sem við stjórn standa séu ekki þjakaðir af svefnleysi.